

~~2~~ / 17.1.

## Spá um 1933.

Um nokkur ár hefir verið til í Parísborg dulrænn fjelagsskapur, sem kennir sig við Norðurhjarnann og nefnist Groupe des Polaires. Fjelag þetta gefur út snoturt mánaðarrit — Bulletin des Polaires — og er þar í maíheftinu þessi spá: „Árið 1933 er lokið tímabili. Árið 1933 hefst hin nýja öld. Eftir óveðrið kemur meistarinn, eða rjettara sagt, maðurinn, sem mun kenna sínum líkum það sem þeir hafa á búsumundum ára ekki skilið.“

Spá þessa kveðast þeir hafi fengið frá vefrjett sinni, og þýða hauð þannig, að „maðurinn, sem bíður“ muni verða meðal þeirra 1933 eða í síðasta lagi 1934“. En þessa „dularfullu veru“, sem þeir nefna mannið sem bíður (Celui qui attend), skoða þeir sem foringja sinn.

Mjer virðist spáin eftirtektarverð af því að hún heldur því svo eindregið fram, að á þessu nýbyrjaða ári muni hefjast nýtt tímabil í sögu mannkynsins; væri vissulega hin mestu nauðsyn á slíku, ef breytingin bá yrði til batnaðar. Einhig virðist mérkileg þessi trú á manni sem heima eigi í landi, langt norður frá — eins og annarsstaðar segir í ritum þessara dulræntumannar — þegar þess er gætt, að norður í löndum er að vísu maður, sem heldur, að hann hafi fundið mjög þýðingarmikil náttúrufræðileg sannindi, er lengi hafa orðið að bíða þess að þeim væri sá gaumur gefinn sem þörf er á, og alveg vaftalaust munu valda tímahörfum, þegar menn fara að færa sjer þau í nyt.

Um nýársleytið 1933.

Helgi Pjeturss.